



Reykjavík, 22. janúar 2019
Lagt fyrir fund mannréttinda- og lýðræðisráðs 24. janúar 2019

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda- og lýðræðisráð

Sendandi: Mannréttindaskrifstofa/Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir

Efni: Kynning á verkefninu „en by for alle“ borg fyrir alla.

Greinargerð: Toril Hogstad, jafnréttisráðgjafi og verkefnastjóri frá í Kristiansand í Noregi, var gestur mannréttinda- og lýðræðisráðs og mannréttindaskrifstofu á fræðslufundi þann 11. janúar síðastliðinn. Kynnti hún verkefnið, sem ber heitið „en by for alle“ eða borg fyrir alla. Á fundinn mættu nokkrir kjörnir fulltrúar og hópur starfsmanna, þvert á svið borgarinnar.

Borgin Kristiansand í Noregi stóð í byrjun árs 2018 fyrir röð viðburða með það að markmiði að byggja upp traust, auka jafnrétti og stuðla að þátttöku allra borgarbúa í bæjarlífinu. Undirstaða verkefninsins er stefna Kristiansand um jafnrétti, þátttöku og fjölbreytileika fyrir árin 2015- 2022. Skilaboðin eru skýr, Kristiansand á að vera bær allra sem þar búa „en by for alle“. Viðburðurinn var vikulöng dagskrá með 60 viðburðum víðsvegar um borgina. Unnið var náðið með ýmsum félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum. Boðið var m.a. upp á leiksýningar, tónleika, kaffihúsaspjall, ýmiskonar námskeið, fyrirlestra, íþróttaviðburði, gönguferðir og opin hús víða um bæinn. **Þátttaka, jafnrétti og öryggi** voru lykilhugtök. Vikan þótti takast vel og strax að henni lokinni var hafinn undirbúningur að nýrri dagskrá að ári eða 3. – 10. febrúar næstkomandi.

Toril lagði áherslu nokkur atriði sem hún telur nauðsynleg, eigi vel til að takast með verkefni sem þetta. Sagði hún stuðning kjörinna fulltrúa við verkefnið vera mjög mikilvægur og hann þurfi að vera sýnilegur. Verkefnið þurfi að hafa stýrihóp/bakhóp sem leiðir verkefnið og hafi á að skipa verkefnastjóra til að halda utan um alla þræði. Undirbúningur þurfi að vanda og tóku þau sér í Kristjansand nærri tvö ár í vinnu við undirbúning. Vinna verði að sem viðtækastari þátttöku félagasamtaka, stofnanna og einstaklinga. Kristjansand bauð til opins hugarflæðisfundar í aðdraganda viðburðaviku. Síðast en ekki síst þurfi mikinn sýnileika í kring um verkefnið og hafa t.d. fánar skreytt Kristjanssand meðan á viðburðavikustendur. Auk þess er hver viðburður kynntur undir merki „en by for alle“. Viðburðavikan er vel kynnt á heimasíðu <https://www.enbyforalle.no/> og á facebook undir nafninu „en by for alle“.

Hugmyndin gengur í raun út á að borgin leiði verkefnið, haldi utan um kynningu þess og mögulega bjóði aðstöðu til viðburðahalds en viðburðirnir sjálfir koma frá þeim sem „hoppa á vagninn“ og vilja vera með. Áhugi virðist vera innan Reykjavíkurborgar að fara að dæmi forsvarsmanna í Kristiansand og stefna að áþekkri viðburðavíku hér þar sem fjölbreytileika mannlífsins verði fagnað með virkni sem flestra borgarbúa.